

Skýrsla stjórnar til aðalfundar FEBRANG 23.mars. 2026

Nefndir til aðstoðar stjórninni voru skipaðar á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund. Þessar nefndir eru ferðanefnd, skemmtinefnd og dansnefnd.

Stjórnin vekur athygli á því að þessi skýrsla er birt á vefsíðu félagsins febrang.is.

Stjórnin skipti með sér verkum og skipaði í nefndir. Formaður, Finnur Egilsson var kosinn á aðalfundi, varaformaður Ásdís Ólafsdóttir, gjaldkeri Einar Grétar Magnússon, ritari Svavar Hauksson og meðstjórnandi Jóna Elísabet Sverrisdóttir. Varamenn Svavar Ólafsson og Sigurborg Óskarsdóttir.

Stjórnin hélt 12 formlega stjórnarfundi og notaði tæknina þess í milli óspart til að ráðgast um ýmis verkefni.

Héraðsnefnd Rangæinga styrkti rekstur félagsins rausnarlega um kr. 6.300.000. Þökkum við Héraðsnefnd og sveitarstjórnarfólki í Rangárvallasýslu fyrir góðan skilning á málefnum okkar og ómetanlega aðstoð.

Nú eru 364 félagar en þeir voru 330 fyrir ári. Alls hafa 39 nýir félagar bæst í hópinn, því 15 manns hurfu á braut, fluttu af svæðinu eða önduðust. Félagsgjaldið var 4000 kr. Stefna félagsins hefur verið hófleg félagsgjöld sem breytist í samræmi við verlagsöpróun.

Félagið stóð fyrir fjórum hátíðum á starfsárinu. Sveitaball FEBSUÐ var haldin í mars í Hvolnum. Um 100 manns komu á ballið og var mikið fjör. Dansleikur var haldinn að hausti í Vík og fór nokkur fjöldi frá okkur á það ball.

Jónsmessuhátíð var haldin í Gunnarshólma. Grillvagninn sá um frábærar veitinar og Vinir Jenna sáu um tónlistina. Um 80 manns sóttu hátíðina.

Árshátíðin var svo haldin í október. Hún var vel sótt, 115 manns tóku þátt. Veitt voru verðlaun fyrir besta árangur í þútti,

skemmtinefndin annaðist skemmtiatriðin, og ákveðið var að hafa bleikt þema. Stjórn FEBRANG samþykkti að 500 krónur af hverjum seldum miða rynni til Krabbameinsfélagsins. Einnig var stórkostlegt uppboð í boði skemmtinefndar og rann allur ágóði af því einnig til Krabbameinsfélagsins alls 112.000. Grillvagninn sá um veitingar og veislustjóri var Hlynur Snær trúbador og hann sá einnig um tónlistina. Til stóð að hafa Erlend Árnason sem veislustjóra en hann forfallaðist á síðustu stundu.

Að þessu sinni var jólahlaðborðið haldið í nóvember í Hvolnum á Hvolsvelli . Stjórn og skemmtinefnd skreyttu salinn, Kristjana Valdimarsdóttir las jólasögu sem samin var af Ásgerði Sjöfn Guðmundsdóttur. Maturinn var fenginn hjá Múlakaffi og voru allir sammála um að hann hafi verið mjög góður. Met þátttaka var á þessum viðburði þar sem 114 tóku þátt.

Félagið skipulagði þrjár ferðir.Ákveðið var að fara með Ferðaskrifstofu eldri borgara til Færeyja. Farið var 19. Maí og komið heim 23. Maí. Fararstjóri var Gísli Jafetsson. Alls fóru um 40 manns í þessa ferð og var það samdóma álit að hún hefði heppnast einstaklega vel. Farið var í dagsferð þann 25. Júní og var þá ekið um Grafninginn. Alls komu 32 félagsmenn í þá ferð. Síðasta ferð sumarsins var svo til Vestmannaeyja. Farið var í hana 20. Ágúst og fóru 50 manns í hana.

Ferðanefnd félagsins hefur skipulagt ferðirnar ásamt Dísu okkar, Sigdísi Oddsdóttur. Hún hefur jafnframt annast fararstjórn í ferðunum með miklum sóma.

Yfir sumartímamann var boðið upp á vikulegt þútt á Strandarvelli undir styrkri stjórn Brynju Bergsveinsdóttur og sundleikfimi vikulega á Hellu og Hvolsvelli sem Drífa Nikulásdóttir stjórnaði. Einnig má geta þess að Sævar Jónsson bauð upp á fjórar kvöldgöngur og var mæting í þær mjög góð.

Af verkefnum vetrarins má nefna Boccia tvisvar í viku á Hvolsvelli og Hellu. Félagsvist spiluð hálfsmánaðarlega á Hvolsvelli. Á móti var bingó í Menningarsalnum á Hellu. Hringur, kór eldri borgara æfði vikulega. Línudans var vel sóttur og var Sólrún Valdimarsdóttir

Þar við stjórnvölinn. Jón Ragnar Björnsson var með námskeið í ljósmyndun á snjallsíma.

Handverk var iðkað einn dag í viku. Brynja Bergsveinsdóttir, Þórunn Sigurðardóttir og Ester Markúsdóttir stóðu vaktina eins og undanfarin ár. Að venju var haldinn glæsileg handverkssýning í lok apríl.

Útskurður var vikulega undir styrkri stjórn Hjálmars Ólafssonar. Margrét Tryggvadóttir bauð upp á handleiðslu í leiklist, framkomu o.fl. vikulega, eitt námskeið var haldið í skapandi skrifum sem Harpa Rún Kristjánsdóttir kenndi. Afraksturinn af því námskeiði varð sveitarómans sem hægt er að lesa á heimasíðu félagsins febrang.is.

Félags- og fræðslufundur FEBRANG var haldinn í september. Þangað kom Sædís Íva frá ferðaskrifstofu eldri borgara og svo tók Drífa Nikulásdóttir nokkrar lauflettar æfingar. Einnig hélt Arion banki fræðslufund um netöryggi og svo kom Kristján Gíslason, betur þekktur sem Hringfarinn og hélt erindi fyrir áhugasama.

Sunnlensku félögin héldu nokkra fundi á árinu og stilltu saman strengi sína.

Sem fyrr leggur stjórnin mikla áherslu á að félagsfólk geti fylgst sem best með starfi félagsins. Minnum á vefsíðuna febrang.is, þar eru birtar fréttir og fleira. Við erum líka á Facebook á síðu sem heitir FEBRANG- félag eldri borgara í Rangárvallasýslu. Félagið gaf út tvö fréttabréf á síðasta ári. Annað fréttabréfið kom út rafrænt og hitt kom bæði út rafrænt og á prenti. Hefur þetta mælst vel fyrir og mun rafræn útgáfa verða æ fyrirferðameiri þegar fram líða stundir. Við viljum þakka nefndafólki og starfsfólki fyrir gott og farsælt samstarf og góð og gefandi samskipti við fjölmarga félaga. Við þökkum sveitarfélögunum fyrir ókeypis aðgang að frábærum húsakosti undir starfseminu og Héraðsnefnd fyrir ómetanlegan fjárstuðning.